

Leikskólastefna Kópavogs

Lokið var við leikskólastefnu Kópavogs fyrir um tveimur árum (2008). Hún var unnin af leikskólanefnd Kópavogs. Drög voru unnin upp af nefndarmönnum í samvinnu við leikskólafulltrúa. Drögin voru svo lögð fyrir leikskólastjóra sem höfðu vinnudag um stefnuna og komu með mjög viðamiklar og góðar ábendingar sem að mestu var tekið tillit til.

Nefndarmenn kynntu sér áður stefnur í fáeinum sveitarfélögum. Síðan var auðvitað farið yfir lög og reglur og tekið tillit til fyrri samþykka og áætlana.

Ekki var fengin utanaðkomandi ráðgjöf og ekki var leitað eftir viðtækara samstarfi, t.d. við bæjarbúa eða foreldra, en foreldrar eiga áheyrnarfulltrúa í leikskólanefnd sem kom að vinnunni.

Stefnan var unnin á krepputímum í leikskólum, þ.e. miklum þenslutímum þar sem mjög erfitt var að fá starfsfólk í leikskóla.

Það voru settar fram tvær framkvæmdaáætlanir í framhaldi af stefnunni, langtímaáætlun og aðgerðir til skamms tíma. Skammtímaáætlunin sem einkum miðaði að aðgerðum til að vinna gegn því ófremdarástandi sem var í starfsmannamálum, komst að mestu til framkvæmda, einnig þættir þar sem lutu að t.d. viðbótarnámi stjórnenda. Skammtímaáætlunin var kostnaðarmetin, hver þáttur, en ekki langtímaáætlunin. Að mínu áliti er oft erfitt að kostnaðarmeta langtímaáættir, margt sem getur haft áhrif, en oftast hægt að gera grófa áætlun. Unnið var að ýmsum þáttum í langtímaáætlun, en það sem þar er oft ekki eins hlutlægt og afmarkað.

Það sem mér hefði fundist að mætti betur fara er kynning á stefnunni og að hún væri betur nýtt til að kynna leikskólastarf og vekja athygli á leikskólunum.

Meðfylgjandi eru langtíma og skammtímaáættir.

Sesselja Hauksdóttir

Stefna og framtíðarsýn leikskóla Kópavogs Aðgerðaáætlun - skammtímaverkefni

Markmið:

Leita leiða til að laða að starfsfólk, auka stöðugleika í starfsmannahaldi og auka fagþekkingu í leikskólum Kópavogsbæjar.

Verkefni til að mæta manneklu á leikskólum. Verkefnið feli í sér:

- Vinnuaðstaða verði bætt. Tölvuáætlun verði lokið. Auka á aðgengi og tækifæri hvers skóla til að viðhalda og uppfæra sína eigin heimasíðu.
- Aukin tækifæri til náms í formi styrks til starfsmanna sem kjósa að nema leikskólafræði og þeir bindi sig til 2 ára eftir nám í starfi hjá bænum.
- Boðið verði upp á námskeið fyrir starfsmenn sem miði að því að draga úr streitu og bæta andlega líðan og/eða sækja aukna handleiðslu.
- Aukinn skuli árlegur fatastyrkur starfsmanna. Styrkfjárhæð sé óháð starfshlutfalli.
- Nemendum í leikskólafræðum verði boðin störf/hlutastörf með möguleika á námsstyrk.
- Að leikskólastjórum og aðstoðarleikskólastjórum verði gert kleift að sækja stjórnunarnám (2 ára) sem er sérsniðið að þörfum þeirra og tekur á t.d. stjórnun, rekstri og bókhaldi, gæðastjórnun, liðsstjórnun, ráðningum/uppsögnum, upplýsinga og þekkingastjórnun.
- Lagt er til að núverandi fyrirkomulagi á akstursgreiðslum leikskólastjóra verði breytt yfir í fastar greiðslur á mánuði til að auka hagræði og spara skrifinnsku. Teknar skuli upp niðurgreiðslur á farsímakostnaði leikskólastjóra
- Sett verði af stað tilraunaverkefni á tveimur leikskólum með aukið fjárhagslegt og faglegt sjálfstæði að leiðarljósi.
- Erlendum starfsmönnum verði boðið íslenskunámskeið á vegum bæjarins.

Stefna og framtíðarsýn leikskóla Kópavogs.

Aðgerðaráætlun - Langtímaverkefni

- **Aðgerðir til að fjölga leikskólakennurum í leikskólum bæjarins**
 - Taka upp samstarf við háskóla og menntamálaráðuneytið um nám til leikskólakennaraprófs og aðgang leiðbeinenda í leikskólum Kópavogs að því.
 - Leitað verði leiða til að háskólamenntaðir starfsmenn leikskólanna geti aflað sér leikskólakennaramenntunar.
 - Leita eftir samvinnu við menntastofnanir um að taka upp diplómanám eða og opna þar með leið til áframhaldandi náms.
 - Stefnt sé að sem flestir leikskólakennaranemar séu í vettvangsnámi í leikskólum Kópavogs.
 - Gerast samstarfsaðili í rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna.
 - Vinna stefnu er varðar hönnun leikskólabygginga í samvinnu við starfsfólk leikskólanna.
 - Stofna faghóp sem komi að stefnumótun í hönnun leikskólabygginga með það að markmiði að tryggja sem besta aðstöðu starfsmanna og barna. Faghópurinn skoði einnig eldri skóla m.t.t. endurbóta einkum hvað varðar hljóðvist og starfsaðstöðu.
 - Stefnt skal að því að bæta almennt viðhald leikskólahúsnæðis.
 - Fagstjórar t.d. í hreyfingu, tónlist og myndlist verði starfandi í leikskólunum.
 - Leikskólar Kópavogs og samþykktir vegna nema séu kynntar fyrir nemum í leikskólakennaranámi.
- **Leiðir til að minnka starfsmannaveltu**
 - Leikskólastjórum verði falin aukin rekstrarleg ábyrgð.
 - Unnin verði upp framtíðarspá um þörf á leikskólakennurum í Kópavogi og markmið sett um hlutfall leikskólakennara.
 - Leitað verði leiða til að draga úr veikindum starfsmanna.
 - Handleiðsla til handa starfsmönnum leikskóla verði eflid.
 - Unnið verði yfirlitsblað um þær námsleiðir sem í boði eru fyrir leiðbeinendur í leikskólum og hver stuðningur Kópavogsbæjar er.
 - Leikskólastjórar hvetji leiðbeinendur til að afla sér leikskólakennaramenntunar.
- **Efla fagþekkingu í mötuneytum leikskólanna**
 - Hollusta matar sé í samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar.
 - Boðið sé upp á námskeið, ráðgjöf og fræðslu fyrir matráða og starfsfólk eldhúsa leikskólanna með tilliti til margra þátta svo sem næringargildi, ofnæmi, óþol, ofl.
 - Áhersla sé lögð á að ráða matráða með fagþekkingu.
- **Efla ímynd leikskólanna**
 - Unnið verði upp yfirlitsblað yfir þá kosti sem fylgja starfi í leikskóla.
 - Unnið sé markvisst að því að styrkja ímynd leikskólanna.
 - Standa fyrir kynningum á leikskólakennaranámi og leikskólastarfi með það að markmiði að hvetja leiðbeinendur leikskólanna og nemendur í framhaldsskólum til að fara í leikskólakennaranám.
 - Halda fræðslu og kynningarfundum um leikskólastarf fyrir foreldra.